Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2025-03-25 13:42:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2025-03-25 14:39:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2025-03-27 19:54:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 15. janúar 2025 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Fjárhagsáætlanir 2025-2028
- Bréf Þjóðskrár til íbúa í Grindavík.pdf
- Ný sviðsmynd 17.12.24 í rekstri Grindavíkurbæjar 2024 og 2025.pptx
- Dagskrá fundar 15. janúar.docx
- Drög að 425. fundargerð EFS 18.12.2024.docx

1. Samþykkt fundagerðar

Fundargerð 425 frá 18.12.2024 var samþykkt.

2. Yfirferð fjárhagsáætlana

Farið var yfir fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2025-2028. Áætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða A- og B- hluta verði jákvæð á árinu 2025 og næstu þrjú á á eftir. Þá eru skuldir undir lögbundnu skuldaviðmiði. Hvað A-hlutann varðar er áhyggjuefni að skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki nema nær 95% af tekjum sveitarfélagsins á árinu 2025 og lækka óverulega á tímabili áætlunarinnar. Í ljósi óvissu um ytri aðstæður og loðnubrest kallar nefndin eftir sviðsmynd sem sýnir áhrif hugsanlegs loðnubrests á fjárhag sveitarfélagsins.

Ákveðið var að fresta frekari yfirferð fjárhagsáætlana þar til á næsta fundi nefndarinnar.

3. Fundur með fulltrúum frá Grindavíkurbæ

Innviðaráðuneytið hefur veitt Grindavíkurbæ frest til 1. febrúar nk. til þess að skila fjárhagsáætlun sinni. Í ljósi þess óskaði EFS eftir því að fá forsvarsmenn Grindavíkurbæjar á fund sinn til þess að fá þeirra sýn á fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins sem og að fara yfir fjölda stöðugilda á launaskrá sveitarfélagsins. Fyrir hönd Grindavíkurbæjar voru mættir þeir Fannar Jónasson, bæjarstjóri, Jón Þórisson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Karl Björnsson, ráðgjafi Grindavíkurbæjar.

Fram kom í máli þeirra að þrátt fyrir þær uppsagnir sem sveitarfélagið hefur gripið til sé gert ráð 24 stöðugildum á árinu 2025. Ekki sé svigrúm til frekari skipulagsbreytinga hvað starfsmannahald varðar.

Næst voru drög sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun árið 2025 lögð fram til kynningar. Samkvæmt áætluninni verður A-hluti rekinn með um 1.100 m.kr. halla á árinu og einnig verður halli á A- og B-hluta. Auk þess er viðbúið að veltufé frá rekstri verði verulega neikvætt. Í árslok er áætlað að handbært fé verði jákvætt um 2,5 ma.kr en hluti af þeirri tölu eru 1,3 ma.kr. sem sveitarfélagið hefur fengið greitt í tjónabætur og ætlað er til innviðauppbyggingar en ekki í almennan rekstur sveitarfélagsins.

Að lokum myndaðist umræða um hlutverk EFS og upplýsingagjöf Grindavíkurbæjar þegar kemur að því að greiða þær 600 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sem sveitarfélagið hefur fengið vilyrði fyrir. Nefndinni hefur verið falið það hlutverk að meta fjárþörf bæjarins sbr. samkomulag við innviðaráðherra um fjárstuðning úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í kjölfar yfirferðar gesta ræddi nefndin um hvernig best væri að rækja hlutverk nefndarinnar. Að umræðu lokinni liggur fyrir að enginn bráðavandi er uppi er varðar fjárhag eða gjaldfærni sveitarfélagsins. Verður málið tekið fyrir á næstu fundum nefndarinnar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi slitið klukkan 11:59. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.